



Framkvæmda- fréttir

3. tbl. /06



Fremri röð frá vinstri við undirritun: Stefan Himmel og Dimitrios Andrikos frá Siemens, Ólafur Bjarnason Reykjavíkurborg og Jónas Snæbjörnsson Vegagerðinni. Í aftari röð standa þeir sem tóku þátt í samningsgerðinni, frá vinstri: Ólafur M. Kjartansson, Baldvin Baldvinsson, Bjarni Stefánsson, Eric Gautier, Höskuldur Tryggvason, Jörgen Beschta, Sverrir Norland, Baldur Grétarsson og Ámundi Brynjólfsson.

Samningur um miðlæga stýringu umferðarljósa

Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa undirritað samning við Siemens um nýtt vöktunar- og stýrikerfi fyrir umferðarljós í Reykjavík. Heildarsamningsupphæð er 875 þúsund evrur eða um 65 m.kr. Kostnaður skiptist jafnt milli aðila. Búnaðurinn verður afhentur uppsettur í september á þessu ári. Um er að ræða miðlæga stýritölvu með tilheyrandi hugbúnaði, auk stjórnkassa á helstu umferðargötum vestan Elliðaáa (s.s. Sæbraut, Geirsgata, Miklabraut, Hringbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut).

Miðlæg stýring og vöktun

Segja má að þetta verkefni sé fyrsta skref í „núttímavæðingu“ á umferðarljósakerfi Reykjavíkur. Í nýja stjórnkerfinu verða allar breytingar á stillingu umferðarljósa gerðar miðlægt. Auk þess mun kerfið vakta og tilkynna um allar bilanir til rétttra aðila. Nýja kerfið býður einnig upp á sveigjanlegri stillingu umferðarljósa eftir tíma dags og umferðarmagni. Stýritölva fyrir umferðarljósinn verður sett upp í húsi Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar í Skúlatúni 2.

Í dag er umferðarljósum stýrt af stjórnkössum við einstök

gatnamót. Einn af stjórnkössunum í hverri „grænni bylgju“ sér um samhæfingu stjórnkassanna. Þetta kerfi er mjög óþjálmt í rekstri og allar breytingar mjög tímafrekar. Kerfið sendir engar tilkynningar um bilanir.

Stýring umferðarljósa – framtíðarsýn

Þegar reynsla hefur fengist af rekstri kerfisins verður horft til næsta skrefs, sem er að kerfið meti hagkvæmstu stillingar ljósa á hverjum tíma með tilliti til umferðarþunga og stýri ljósum með það að markmiði að draga úr seinkunum í umferðarkerfinu og nýta umferðarmannvirki sem best.

Samstarf Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar hefur séð um þetta verkefni, en í henni eiga sæti fyrir hönd Reykjavíkurborgar Höskuldur Tryggvason, Stefán A. Finnsson og Baldvin Baldvinsson. Fyrir hönd Vegagerðarinnar sitja í nefndinni Jónas Snæbjörnsson og Baldur Grétarsson. Eric Gautier frá danska ráðgjafarfyrirtækinu Hansen & Henneberg A/S er ráðgjafi nefndarinnar.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 14. árg. nr. 424 30. janúar 2006

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaféni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Svar við umfjöllun um umferðareftirlit Vegagerðarinnar



Stefán Erlendsson

**Stefán Erlendsson
forstöðumaður lögfræðideildar
Vegagerðarinnar
og Sævar Ingi Jónsson
deildarstjóri umferðareftirlits
Vegagerðarinnar skrifa**

Undanfarnar vikur hefur Landssamband Lögreglumanna gagnrýnt harkalega framkomið frumvarp ríkisstjórnarinnar til breytinga á umferðarlögum. Gagnrýni landssambandsins hefur einkum beinst að þeim þætti frumvarpsins sem lýtur að umferðareftirliti Vegagerðarinnar. Í blöðum, sjónvarpi og á heimasíðu hefur talsmaður landssambandsins haft uppi ýmsar fullyrðingar um umrætt frumvarp sem ekki standast með nokkru móti. Ennfremur hefur talsmaðurinn vegið að starfsheiðri og trúverðugleika umferðareftirlitsmanna. Er látið að því liggja að þeir hafi hvorki faglega hæfni né heimildir til að stunda eftirlit. Af þess-

um sökum er nauðsynlegt að rifja upp nokkrar staðreyndir um umferðareftirlit Vegagerðarinnar.

Vegagerðin hefur séð um þungaeftirlit á vegum landsins um áratugaskeið. Flutningabílstjórar þekkja þetta eftirlit vel, „pundarana“ eins og þeir voru einu sinni kallaðir. Kannanir sem Vegagerðin hefur látið gera þeirra á meðal hafa leitt í ljós að meirihlutinn er ánægður með störf þeirra þó að af augljósum ástæðum séu ekki allir ánægðir með afskipti þeirra. Eftirlit er í eðli sínu þannig að sumir eru óánægðari en aðrir með að sæta afskiptum eftirlits.

Vegagerðin hefur áratugum saman litið á það sem sitt hlutverk að framfylgja þungatakmörkunum til að koma í veg fyrir skemmdir á vegum og má segja að það sé eðlilegur hluti af rekstri vegakerfisins. Fróðir menn segja að eftirlit hafi byrjað fyrir alvöru snemma á sjöunda áratugnum. Árið 1995 ákvað dómsmálaráðuneytið að fela Vegagerðinni eftirlit með aksturs- og hvíldartíma. Árið 1997 fólu skattayfirvöld Vegagerðinni að annast eftirlit með framkvæmd reglna um þungaskatt, þ.á.m. að vigta ökutæki vegna reglna um gjaldþyngd. Hin seinni ár hefur svo bæst við eftirlit með rekstrar- og atvinnuleyfum vegna fólks- og vöruflutninga, og eftirlit með notkun litadrar olíu.

Ekki er óþekkt að starfsmenn opinberra stofnana eins og Vegagerðarinnar fari með löggæslueftirlit á sínu verkswiði. Bifreiðaeftirlitsmenn eru gott dæmi um það frá fyrri tíð en í dag má nefna tollverði og starfsmenn Landhelgisgæslunnar. Mörg dæmi má nefna þar sem opinberum eftirlitsmönnum er fengin heimild til að sinna eftirliti á starfssviði sínu án aðkomu lögreglu. Má þar nefna starfsmenn Ríkisskattstjóra, Samkeppniseftirlitsins og Fiskistofu. Erlendis er víða þekkt að veg- og samgönguyfirvöld hafi á að skipa eftirlitsmönnum sem sérhæfa sig í eftirliti tengdu umferð á vegum og er norska vegagerðin gott dæmi þess.

Lengst af fékk Vegagerðin lánaða lögreglumenn til aðstoðar við eftirlit en einnig kom fyrir að bifreiðaeftirlitsmenn sem áður höfðu lögregluvald væru þeim til halds og trausts. Þeir áttu að sjá um að stöðva ökutæki og gera kæruskýrslu um afskiptin. Stundum var eftirt að manna eftirlitsbíla með lögreglumönnum og kostnaður vegna þess allnokkur. Á árinu 1998 setti dómsmálaráðuneytið fram þá hugmynd að Vegagerðin sinni sínu eftirliti án lögreglu. Vegagerðin óskaði þá eftir því að fá lögregluvald á sínu starfssviði og taldi að án lagabreytingar yrði ekki unnt að sinna eftirliti án lögreglu. Því var hafnað þar sem ráðuneytið taldi ekki efni til þess að svo komnu.

Eftirliti var því áfram sinnt með aðstoð lögreglu, hin síðari ár í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjóra. Eftir að Vegagerðin fékk heimild til stöðvunar ökutækja samkvæmt umferðarlögum árið 2004, og ekki náðist samkomulag við Ríkislögreglustjóra um áframhaldandi samstarf, var ákveðið að Vegagerðin myndi sinna eftirliti án aðstoðar lögreglu. Tók það gildi 1. janúar 2005. Er skemmt frá því að segja að eftirlit hefur gengið með ágætum hvað snertir samskipti við bílstjóra. Fáeinir aðilar hafa gert athugasemdir við tilhögunina en þær hafa byggst á misskilningi líkt og málflutningur Landssambands lögreglumanna og skal nú vikið að honum nokkrum orðum.

Landssamband lögreglumanna virdist álíta að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði falin eftirför og valdbeiting gagnvart bílstjórum. Þetta er rangt eins og þeir vita sem til þekkja. Komi til þess að bílstjóri neiti að hlýta eftirliti hafa eftirlitsmenn kallað til aðstoðar lögreglu og svo verður áfram. Ennfremur gefur landssambandið í skyn að faglegri hæfni og heimildum eftirlitsmanna sé ábótavant. Máltilbúnaður þessi er með ólíkindum og er til þess fallinn að skapa óvissu meðal bílstjóra en slíkt getur ávallt raskað öryggi bæði ökumanna og annarra vegfarenda auk öryggis umferðareftirlitsmanna Vegagerðarinnar sem finnst



Bifreiðir umferðareftirlitsmanna Vegagerðarinnar eru sérstaklega merktar og umferðareftirlitsmennirnir í einkennisklæðnaði.



Aðkoma við Blikdalsá þar sem Vegagerðin hefur komið upp góðri aðstöðu til umferðareftirlits.

mjög að sér vegið með þessum málflutningi. Eins og að framan er greint hefur Vegagerðin langa reynslu af eftirliti og heimild til að sinna því.

Þeir sem hirða um að kynna sér það vita að gerðar eru kröfur til eftirlitsmanna umferðareftirlits Vegagerðarinnar um lágmarksmenntun. Í þeirra röðum eru fyrrverandi lögreglumenn með langa reynslu að baki, menn sem starfað hafa að eftirliti áratugum saman og menn með sérþekkingu á ökutækjum. Eftirlitsmenn fá fræðslu og hjálfun í þeim þáttum sem snúa að eftirliti. Allir umferðareftirlitsmenn þurfa að afla sér og viðhalda löggildingu sem vigtarmenn.

Í ljósi þeirra efasemda sem fram hafa komið um faglega hæfni eftirlitsmanna er rétt að geta þess að umferðareftirlit Vegagerðarinnar hefur mörg undanfarin ár komið að kennslu lögreglumanna um reglur og eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna ásamt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Þá

hafa hópar lögreglumanna undanfarin ár verið sendir á vettvang þar sem eftirlitsmenn eru að störfum til að kynna sér stöðvun og eftirlit með stórum ökutækjum. Þekking og reynsla af áratuga eftirlitsstarfi skilar sér og ekki spillir fyrir að hjá eftirlitinu starfar harðsnúinn hópur með margvíslega reynslu og þekkingu.

Umferðareftirlitsmenn Vegagerðarinnar eru einkennisklæddir og eftirlitsbifreiðar eru sérstaklega auðkenndar og sérútbúnar til eftirlits. Eftirlitsmenn starfa eftir ítarlegum verklagsreglum og er að vænta reglugerðar um kröfur til hæfni og um starfshætti þeirra frá samgönguráðuneytinu.

Það er von undirritaðra að framangreint geti orðið til þess að leiðrétta þann ranga málflutning sem fram hefur komið af hálfu talsmanns Landssambands lögreglumanna og vonandi upplýst þá sem ekki þekkja til staðreynda málsins. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar óskar eftir góðu samstarfi við lögreglumenn um land allt hér eftir sem hingað til.

Útboð á Héðinsfjarðargöngum

Nú er lokið vinnu við endurskoðun útboðsgagna Héðinsfjarðarganga. Stýrihópur framkvæmdarinnar ásamt aðal hönnuði og fulltrúa verkkaupa hafa stýrt endurskoðun þeirra. Breytingarnar voru gerðar með hliðsjón af því sem búið er að framkvæma á þessari leið síðan fyrra útboðið fór fram, en það er bygging brúar á Fjarðará í Siglufirði og hreinsun frá munnum í Héðinsfirði. Brúin yfir Ólafsfjarðarósi hefur einnig verið byggð en hún var ekki inni í fyrra útboðinu. Ennfremur var gögnum breytt með hliðsjón af breyttum stöðlum og í ljósi reynslu af framkvæmdum við Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaaskarðsgöng.

Ritstjórn var í höndum verkfræðistofunnar VST.

Forval fór fram og var forvalið auglýst á Evrópska efnahags-svæðinu í byrjun október 2005 og var skilafrestur til 13. desember sl. og skiluðu eftirtaldir sex aðilar inn forvalsgögnum:

Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík /

Marti Contractors Ltd., Sviss

Metrostav a.s., Tékkland / *Háfell ehf.*, Reykjavík

Ístak hf., Reykjavík

Arnarfell ehf., Akureyri

Leonhard Nilsen & Sønner As, Noregur /

Héraðsverk ehf., Egilsstaðir

China Railway Shisiju Group Corporation, Kína



Talið frá vinstri: Jónas V. Karlesson VST, Sigurður Oddsson, Guðmundur Heiðreksson og Birgir Guðmundsson frá Vegagerðinni.

Stýrihópurinn mat innlögð gögn og lagði til við vegamálastjóra að allir yrðu samþykktir og samþykkti hann niðurstöðuna. Útboðsgögn voru send aðilum 20. janúar.

Þetta er stærsta verk sem Vegagerðin hefur boðið út. Þess má geta að útboðsgögnin vega 4,2 kg og eru útboðslýsingin, sérverklýsingin og tilboðsformið alls 240 síður og teikningaheftin tvö eru 498 síður.

Vettvangsskoðun með þeim bjóðendum sem þess óska fer fram föstudaginn 17. febrúar næstkomandi.

Tilboðsfrestur er til 14. mars 2006. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðilinn geti hafið framkvæmdir í júlí á þessu ári. Verkinu skal síðan lokið 10. desember 2009.

Auglýsingar útboða

Héðinsfjarðargöng, eftirlit 05-072

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Héðinsfjarðarganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Jarðgöngin eru um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Breidd ganganna er 8,6 m. Heildarlengd vegskála er um 450 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 2 km langs vegar í Siglufirði, um 0,6 km vegkafla í Héðinsfirði og samtals um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði yfir brú á Ólafsfjarðarósi ásamt tengingum við gatnakerfi Ólafsfjarðar. Einnig er innifalinn breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og gerð tenginga í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði. Byggja á 14 m langa brú yfir Héðinsfjarðará.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1, Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 30. janúar 2006. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. mars 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 28. mars 2006 klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðá	06
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	06
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	06
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	06
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturluti	06
05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-001 Ásbyrgisvegur (861), Norðausturvegur - tjaldsvæði	30.01.06	14.02.06
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	30.01.06	14.02.06
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Brekka 1. áfangi	16.01.06	31.01.06
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.01.06	31.01.06

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	19.12.05	24.01.06
05-035 Héðinsfjarðargöng - forval	10.10.05	13.12.05

Samningum lokið:	Opnað:	Samið:
05-086 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar), eftirlit <i>Línuhönnun</i>	03.01.06	13.01.06
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar) <i>Háfell ehf.</i>	20.12.05	13.01.06
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður <i>Burkney ehf.</i>	15.11.05	12.01.06

Auglýsingar útboða

Ásbyrgisvegur (861) 06-001

Norðausturvegur - tjaldstæði

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Ásbyrgisvegur á um 0,8 km löngum kafla frá Norðausturvegi að tjaldstæði við Þjónustumiðstöðina í Ábyrgi.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	4.600 m ³
Neðra burðarlag	5.000 m ³
Efra burðarlag	1.600 m ³
Tvöföld klæðing	6.700 m ²
Frágangur fláa	8.800 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. júní 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. janúar 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 14. febrúar 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41),

Fífuhvammsvegur - Kaplakriki 03 - 009

Tilboð opnuð 24. janúar 2006. Verkið „Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki“. Í verkinu felst tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fífuhvammsvegur og Kaplakrika, með breytingum á núverandi gatnamótum við Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Álftanesveg. Ný undirgöng fyrir gangandi umferð verða gerð við Bæjargil og Vífilsstaðalæk og núverandi undirgöng við Hnoðraholtbraut verða lengd. Grafa skal fyrir væntanlegum mislægum gatnamótum við Urriðaholtbraut og nýta efnið til fyllingar í öðrum hlutum verksins. Tengja skal undirgöng fyrir gangandi umferð við núverandi stígakerfi sveitarfélaga, gera jarðvegsmanir meðfram Reykjanesbraut milli Arnarnesvegur og Vífilsstaðavegar og áfram um 150 m suður fyrir Vífilsstaðalæk og vinna þá landmótun sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu. Verkið er unnið í samráði við bæjaryfirvöld í Kópavogi og Garðabæ.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	177.000 m ³
Fyllingar og burðarlög	147.000 m ³
Malbik	45.000 m ²
Steinsteypa	950 m ³
Steypustyrktarstál	72.000 kg
Stálbogagöng	117 m.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	949.000.000	100,0	221.778
5	Háfell ehf., Reykjavík	895.235.813	94,3	168.014
4	Suðurverk ehf. og Loftorka Reykjavík ehf.	857.374.350	90,3	130.153
3	KNH ehf. og Heimir og Þorgeir ehf.	794.572.150	83,7	67.351
2	Ístak hf., Reykjavík	750.352.139	79,1	23.131
1	Klæðning hf. og Verktakafélagið Glaumur ehf.	727.221.600	76,6	0